

## Vaktstöð siglinga, nýungar í starfsemi og búnaði

Rafrænt tilkynningakerfi um skipakomur og flutning hættulegra efna.  
Sjálfvirkt auðkennikerfi skipa ( AIS).  
Endurnýjun fjarskiptakerfa vaktstöðvarinnar.

Í samræmi við tilskipun Evrópuráðsins 2002/59/ EB og lög og reglugerð um Vaktstöð siglinga hefur að undanfögnu verið unnið að innleiðingu rafræns tilkynningakerfis um komur og brottfarir skipa ásamt flutningi hættulegra efna í farmi.

Unnið hefur verið að gerð kerfisins á vegum Siglingastofnunar og Vaktstöðvar siglinga undanfarin tvö ár, en kerfið er skrifað af Samsýn ehf. Öll ríki Evrópusambandsins ( auk Noregs og Íslands ), sem liggja að sjó eða reka kaupskip undir eigin fána, eru að eða hafa lokið við að koma sér upp slíku kerfi. Kerfi allra landanna eru tengd miðlægum tilvísunargagnagrunni þannig að hægt er að sækja upplýsingar milli landa um ferðir og farm skipa. Kerfi þetta hefur fengið nafnið **Safe Sea Net**. Sá hluti kerfisins hér á landi sem snýr að notandanum er vefsíða undir veffanginu <https://www.seafeseanet.is>. Þar geta skipsstjórnendur, útgerðaraðilar, umboðsmenn eða aðrir þeir sem senda upplýsingar fyrir hönd skips sótt um aðgang að kerfinu. Í vefviðmótinu hér á landi er hægt að koma að öllum þeim upplýsingum sem skip þarf að koma til yfirvalda við komu eða brottför. Þar á meðal eru upplýsingar um komu- og brottfaratíma, hættulegan farm, eigin olíu skips, farþega- og áhafnalista, siglingaverndarupplýsingar o.fl.

Undanfarin ár hefur Siglingastofnun unnið að uppsetningu strandstöðva fyrir sjálfvirkt auðkennikerfi skipa ( Automatic Identification System, **AIS** ). Kerfi þetta er sett upp samkvæmt fyrrnefndri tilskipun 2002/59/EB og er í raun hluti af rafræna tilkynningakerfinu **Safe Sea Net**. Settar hafa verið upp 16 stöðvar með ströndum landsins og í undirbúningi er uppsetning 6 stöðva í ár. Gögnum úr kerfinu er beint í Vaktstöð siglinga þar sem þau nýtast til siglingaeftirlits, en er einnig veitt inn í gagnagrunn tilkynningakerfisins.

Nú stendur yfir endurnýjun alls fjarskiptakerfis Vaktstöðvar siglinga og á því að vera lokið í ágúst n.k. Settar hafa verið upp tvær sendistöðvar fyrir NAVTEX sendingar en það eru sendingar siglingaviðvarana til skipa t.d. stormviðvarana eða upplýsinga um ís og aðrar siglingahættur. Þá verður endurnýjaður allur stuttbylgju-, millibylgju- og metrabylgju sendi- og móttökubúnaður vaktstöðvarinnar alls um 36 sendi- og viðtökutæki auk miðlægs búnaðar í vaktstöð.

Með þeim nýju kerfum og endurnýjunum sem að ofan greinir er Vaktstöð siglinga mjög vel í stakk búin til að sinna eftirlitshlutverki sínu með siglingum í lögsögunni auk þess sem búnaðurinn nýtist Landhelgisgæslunni vel við björgunarstörf á sjó.

Vaktstöð siglinga er á forræði Samgönguráðuneytisins en Siglingastofnun Íslands fer með stjórnarsýslulega og fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum. Siglingastofnun gerði í júní 2004 þjónustusamning við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna hf. og Slysavarnarfélagið

Landsbjörg um rekstur Vaktstöðvar siglinga. Daglegur rekstur vaktstöðvarinnar er í höndum Landhelgisgæslunnar en Neyðarlínan hf. sér um rekstur fjarskipta- og tækjabúnaðar stöðvarinnar.